

## Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um rannsóknir  
á flotvörpuveiðum á síld og loðnu.

Frá Ingu Sæland.

1. Hafa flotvörpuveiðar á síld og loðnu verið rannsakaðar á vegum íslenskra rannsóknastofnana, þ.e. þættir á borð við kjörhæfni síldar- og loðnuvarpna, afföll síldar/loðnu við möskvasmug og áhrif skipa og flotvarpa á göngur og útbreiðslu síldar/loðnu á veiðislóðinni?
2. Hafi slíkar rannsóknir verið gerðar, í hvaða heimildum má nálgast niðurstöður þeirra?
3. Hvað er helst vitað um fyrrgreinda áhrifaþætti úr erlendum rannsóknum?
4. Leyfa Norðmenn og Færeyingar flotvörpuveiðar á síld og loðnu og ef svo er, með hvaða skilyrðum?

Skriflegt svar óskast.